



Dagsetning: 07.01.2020
Málsnúmer: 1909149/8.4

Til bæjarráðs


Minnisblað vegna gervigras í Fjarðabyggðarhöllinni

Þann 5. desember 2019 fór formaður KSÍ, Guðni Bergsson, ásamt embættismönnum KSÍ í skoðunarferð um Fjarðabyggðarhöllina. Skoðaður voru aðstæður og aðstaðan metin en minnisblað KSÍ frá þeirri skoðunarferð er undir máli 1909149. Minnisblaðið staðfestir það sem Ungmennafélagið Leiknir var áður búin að benda á: Gervigrasið í Fjarðabyggðarhöllinni mun ekki standast þá vottun sem er nauðsynleg til að fá leyfi til að leika í 1. deild karla á komandi tímabili. Auk þess segir í minnisblaðinu orðrétt: „*Gervigras á leikvelli er óviðunandi. Mjög slitið og víða göt og viðgerðir sem skapa hættu fyrir leikmenn*“. Starfsmenn KSÍ hrósuðu starfsfólki Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar fyrir mikla natni við umhirðu vallarins í gegnum árin og töldu það mikið afrek hvað grasið hafi í raun enst jafn vel.

Í október síðastliðnum fékk íþrótt- og tómskundafulltrúi tilboð í endurnýjun á gervigrasinu á Fjarðabyggðarhöllina frá þeim aðila sem annast hefur viðhald á gervigrasinu fyrir okkur undanfarin ár. Hljóðaði tilboðið upp á samtals 35.191.443 kr. m/vsk, 2.855.472 kr. m/vsk í að rífa gamla gervigrasið og 1.025.716 kr. m/vsk í FIFA QP vottun. Samtals kostnaður upp á 39.072.631 kr. Í janúar 2020 ræddi íþrótt- og tómskundafulltrúi við sama fyrirtæki til að staðfesta að þetta tilboð stæði sveitarfélaginu enn til boða. Ástæða þess að tilboðið er okkur hagstætt er að það gengur út á að endurnýta undirlagið, það er púðana undir gervigrasinu, sem og gúmmikurlið, en viðbótarkostnaður við að endurnýja bæði hleypur á tugum milljónum króna. Púðarnir eiga að lifa af tvær umferðir af grösum og gúmmikurlið er fínt þó líklegast þurfi að bæta á nýtt gervigras einhverjum tonnum.

Líklegast mun koma á móti framlag úr Mannvirkjasjóð KSÍ en samkvæmt reglugerðinni um Mannvirkjasjóð þá er hægt að fá 20-30% eða allt að 10-15 milljón króna mótframlag af heildar framkvæmdarkostnaði að framkvæmdum að upphæð 50 milljónum króna. Það eru aðildarfélög KSÍ sem sækja um í Mannvirkjasjóð en líklegast yrði Ungmennafélagið Leiknir umsóknaraðili í sjóðinn.

Íþrótt- og tómskundafulltrúi telur vart þörf á að minnst hér á mikilvægi Fjarðabyggðarhallarinnar til knattspyrnuíðkunar í sveitarfélaginu en höllin er bæði æfinga og keppnisvöllur þriggja meistaraflokka félagsins, aðalæfinga- og keppnisvöllur Yngriflokka Fjarðabyggðar, æfingasvæði Ungmennafélagsins Vals auk þess sem þar eru hýst ótal mót í yngriflokkum, tækni- og afreksæfingar sem og knattspyrnuakademía.


Íþrótt- og tómskundafulltrúi